

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 92/97
frá 9. desember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 79/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB frá 3. september 1996 um breytingu á
tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um
flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) í XV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- **396 L 0056:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB frá 3. september
1996 (Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB á íslensku og norsku
fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Hefur ekki enn verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner